sinni. Í bók þessa skal hann setja það, sem bætist við, jafnóðum og það kemur og sömuleiðis hitt, sem er lagt niður. **53** 17. maí

Þetta kunngjörist hjermeð.

Í stjórnarráði Íslands 7. maí 1905.

Í fjarveru ráðherrans

Kl. Jónsson.

Jón Magnússon.

Auglýsing

54 17. maí

um viðauka við erindisbrjef handa ráðskonu holdsveikraspítalans í Laugarnesi, dagsett 10. september 1898.

Samkvæmt tillögum yfirstjórnar holdsveikraspítalans í Laugarnesi hefir stjórnarráðið samþykkt viðauka við erindisbrjef handa ráðskonu holdsveikraspítalans í Laugarnesi, dagsett 10. september 1898, og bætist viðauki þessi aptan við 3. gr. erindisbrjefsins. Viðaukinn er þannig:

Hún heldur bók löggilta af yfirstjórn spítalans, þar sem hún telur öll þau búsgögn spítalans, sem henni eru fengin í hendur, og setur það, sem bætist við, jafnóðum og það kemur, og sömuleiðis hitt, sem lagt er niður.

Þetta kunngjörist hjermeð.

Í stjórnarráði Íslands 17 maí 1905.

Í fjarveru ráðherrans.

Kl. Jónsson.

Jón Magnússon.

Hafnarreglugjörð

55 1. apríl

fyrir

Reykjavíkurkaupstað.

Stjórnarráð Íslands hefur 1. apríl 1905 gefið út svofellda hafnarreglugjörð fyrir Reykjavíkurkaupstað.